

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 4.6.2022
Tilvísun: 20220600610

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (fjöldatakmörkun rafmagnsbifreiða o.fl.) þskj. 1012 – 679. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 3. júní sl. móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.


Samkvæmt frumvarpinu er í fyrsta lagi lögð til heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við breytingar á ökutækjum sem einungis eru notuð í þágu björgunarsveita. Í öðru lagi er lagt til að hámarksfjöldi rafmagnsbifreiða sem fallið geta undir ívilnun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXIV við lög nr. 50/1988 verði hækkaður og samhliða því lögð til ný fjárhæðarmörk. Í þriðja lagi er lagt til að við endursölu vistvænna bifreiða samkvæmt sama bráðabirgðaákvæði verði skilyrði um aldur og fjölda slíkra bifreiða felld niður en heimildin takmörkuð við tiltekin fjárhæðarmörk og tiltekið tímabil og að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Eins og fram kemur í 5. kafla greinargerðar með frumvarpinu var haft var samráð við ríkisskattstjóra við vinnslu þess í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, en eins og frumvarpið liggur nú fyrir telur ríkisskattstjóri þó rétt að benda á eftirfarandi:


Samkvæmt 2. mgr. f-liðar 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að annað tveggja skilyrða fyrir ívilnun samkvæmt 1. mgr. sama stafliðar sé að skattaðili geti lagt fram reikninga eða önnur gögn til Skattsins sem staðfesta að niðurfelling virðisaukaskatts við innflutning eða fyrstu sölu hafi átt sér stað. Að mati ríkisskattstjóra er þetta skilyrði óþarft þar sem skattaðila ber að varðveita slík gögn í bókhaldi sínu samkvæmt lögum um bókhald nr. 145/1994, sbr. einnig VIII. kafla laga nr. 50/1988 og reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, og er því ekki þörf á að tiltaka það sérstaklega hér.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra



Oskar H. Albertsson



Ragnheiður Björnsdóttir